

## REGLUGERÐ

**um (5.) breytingu á reglugerð nr. 835/2010 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fódri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu.**

### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1607 frá 24. september 2015 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fódri og matvælum sem eru ekki úr dýraríkinu.

### 2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna fódureftirlits sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

### 4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum eða 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

### 6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. október 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Eggert Ólafsson.*

**Fylgiskjal.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1607**

frá 24. september 2015

**um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fœðri og matvælum sem eru ekki úr dýraríkinu**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fœður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um reglur varðandi aukið opinbert eftirlit með innflutningi á fœðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu og eru skráð í I. viðauka við reglugerðina (hér á eftir nefnd skráin), á komustöðum á yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.
- (2) Í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009 er kveðið á um að skráin skuli endurskoðuð með reglulegu millibili og a.m.k. ársfjórðungslega, með tilliti til a.m.k þeirra upplýsinga sem um getur í þeirri grein.
- (3) Tíðni og mikilvægi nýlegra matvælaatvika, sem eru tilkynnt í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fœður, niðurstöður úttekta í þriðju löndum á vegum Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar sem og ársfjórðungslegar skýrslur um vörusendingar af fœðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009, benda til þess að breyta ætti skránni.
- (4) Einkum benda viðeigandi upplýsingar, í tengslum við vörusendingar af jarðhnetum og afleiddum afurðum sem eru upprunnar í Gambíu og hindber sem eru upprunnin í Serbíu, til þess að ný áhætta sé komin fram sem krefst þess að aukið opinbert eftirlit sé innleitt. Því ætti að bæta við færslum varðandi þessar sendingar í skrána.
- (5) Að auki ætti að breyta skránni með því að fella brott færslur fyrir vörur sem teljast samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, þegar á heildina er litið, uppfylla viðeigandi öryggiskröfur, sem kveðið er á um í löggiöf Sambandsins, á fullnægjandi hátt og af þessum sökum er aukið opinbert eftirlit með þeim ekki lengur réttlæt看legt. Því ætti að fella brott færslurnar úr skránni varðandi vínber frá Úsbekistan, betellauf frá Taílandi og mintur frá Marokkó.
- (6) Til að tryggja samræmi og gagnsæi þykir rétt að í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 komi textinn sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð
- (7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 669/2009 til samræmis við það.
- (8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fœður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fœðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB (Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.  
Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. október 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

## VIÐAUKI

## „I. VIÐAUKI

Fóður og matvæli sem eru ekki úr dýraríkinu og falla undir  
aukið opinbert eftirlit á tilnefndum komustað

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer ( <sup>1</sup> )	TARIC- undir- skipting	Upprunaland	Hætta	Tíðni skoðana á ástandi og sannprófunar auðkenna (%)
Purrkaðar þrúgur (vinber) <i>(Matvæli)</i>	0806 20		Afganistan (AF)	Okratoxín A	50
- Möndlur í skurn - Möndlur, skurnlausar <i>(Matvæli)</i>	- 0802 11 - 0802 12		Ástralía (AU)	Aflatoxín	20
- Jarðhnetur, í skurn - Jarðhnetur, skurnlausar - Hnetusmjör - Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt <i>(Fóður og matvæli)</i>	- 1202 41 00 - 1202 42 00 - 2008 11 10 - 2008 11 91; 2008 11 96; 2008 11 98		Brasíla (BR)	Aflatoxín	10
- Spergilbaunir ( <i>Vigna unguiculata</i> spp. <i>sesquipedalis</i> ) - Eggaldin <i>(Matvæli – ferskt, kælt eða frosið grænmeti)</i>	- úr 0708 20 00, úr 0710 22 00,  - 0709 30 00, úr 0710 80 95,	10 10  72	Kambódía (KH)	Varnarefna- leifar ( <sup>2</sup> )( <sup>3</sup> )	50
Súpuselleri ( <i>Apium graveolens</i> ) <i>(Matvæli – ferskar eða kældar kryddjurtir)</i>	úr 0709 40 00	20	Kambódía (KH)	Varnarefna- leifar ( <sup>2</sup> )( <sup>4</sup> )	50
<i>Brassica oleracea</i> (annað ætt kál, kínaspergilkál)( <sup>5</sup> ) <i>(Matvæli – fersk eða kæld)</i>	úr 0704 90 90	40	Kína (CN)	Varnarefna- leifar ( <sup>2</sup> )	50
Te, einnig bragðbætt <i>(Matvæli)</i>	0902		Kína (CN)	Varnarefna- leifar ( <sup>2</sup> )( <sup>6</sup> )	10
- Eggaldin - Beiskjugúrka ( <i>Momordica charantia</i> ) <i>(Matvæli – ferskt, kælt eða frosið grænmeti)</i>	- 0709 30 00, úr 0710 80 95,  - úr 0709 99 90, úr 0710 80 95,	72 70 70	Dóminíska lýðveldið (DO)	Varnarefna- leifar ( <sup>2</sup> )( <sup>7</sup> )	10

- Spergilbaunir ( <i>Vigna unguiculata</i> spp. <i>sesquipedalis</i> ) - Paprikur (sætar og aðrar en sætar) ( <i>Capsicum</i> spp.)  ( <i>Matvæli – ferskt, kælt</i> <i>eða frosið grænmeti</i> )	- úr 0708 20 00, úr 0710 22 00,  - 0709 60 10, úr 0709 60 99,  - 0710 80 51, úr 0710 80 59,	<b>10</b> <b>10</b>  <b>20</b>  <b>20</b>	<b>Dóminíska</b> <b>Lýðveldið (DO)</b>	Varnarefna- leifar <sup>(2)</sup> ( <sup>7</sup> )	20
Jarðarber (fersk)  ( <i>Matvæli</i> )	0810 10 00		<b>Egyptaland</b> <b>(EG)</b>	Varnarefna- leifar <sup>(2)</sup> ( <sup>8</sup> )	10
Paprikur (sætar og aðrar en sætar) ( <i>Capsicum</i> spp.)  ( <i>Matvæli – fersk, kæld</i> <i>eða fryst</i> )	0709 60 10,úr 0709 60 99,  0710 80 51, úr 0710 80 59,	<b>20</b>  <b>20</b>	<b>Egyptaland</b> <b>(EG)</b>	Varnarefna- leifar <sup>(2)</sup> ( <sup>9</sup> )	10
- Jarðhnetur, í skurn - Jarðhnetur, skurnlausar - Hnetusmjör - Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt  ( <i>Fóður og matvæli</i> )	- 1202 41 00 - 1202 42 00 - 2008 11 10 - 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98		<b>Gambía (GM)</b>	Aflatoxín	50
Betellauf ( <i>Piper betle</i> L.)  ( <i>Matvæli</i> )	úr 1404 90 00	<b>10</b>	<b>Indland (IN)</b>	<i>Salmonella</i> <sup>(10)</sup>	50
Sesamfræ  ( <i>Matvæli – fersk eða</i> <i>kæld</i> )	1207 40 90		<b>Indland (IN)</b>	<i>Salmonella</i> <sup>(10)</sup>	20
- <i>Capsicum annum</i> , heil - <i>Capsicum annum</i> , mulin eða möluð - Þurrkuð aldin af ættkvíslinni <i>Capsicum</i> , heil, önnur en paprika ( <i>Capsicum annum</i> ) - Múskat ( <i>Myristica fragrans</i> )  ( <i>Matvæli – þurrkað</i> <i>krydd</i> )	- 0904 21 10 - úr 0904 22 00  - 0904 21 90  - 0908 11 00, 0908 12 00	<b>10</b>	<b>Indland (IN)</b>	Aflatoxín	20
Ensím, unnin ensím  ( <i>Fóður og matvæli</i> )	3507		<b>Indland (IN)</b>	Klóramfenikól	50
- Múskat ( <i>Myristica fragrans</i> )  ( <i>Matvæli – þurrkað</i> <i>krydd</i> )	- 0908 11 00, 0908 12 00		<b>Indónesía (ID)</b>	Aflatoxín	20
- Ertur með fræbelg (með hýði)  ( <i>Matvæli – fersk eða</i> <i>kæld</i> )	- úr 0708 10 00	<b>40</b>	<b>Kenía (KE)</b>	Varnarefna- leifar <sup>(2)</sup> ( <sup>11</sup> )	10

Vinber til neyslu <i>(Matvæli – fersk)</i>	0806 10 10		<b>Perú (PE)</b>	Varnarefna- leifar <sup>(2)</sup> ( <sup>12</sup> )	10
Hindber <i>(Matvæli – fryst)</i>	0811 20 31, úr 0811 20 11, úr 0811 20 19	<b>10</b> <b>10</b>	<b>Serbía (RS)</b>	Nóróveira	10
Vatnsmelónufræ ( <i>Egusi</i> , <i>Citrullus lanatus</i> ) og afleiddar afurðir <i>(Matvæli)</i>	úr 1207 70 00, úr 1106 30 90, úr 2008 99 99,	<b>10</b> <b>30</b> <b>50</b>	<b>Sierra Leóne (SL)</b>	Aflatoxín	50
- Jarðhnetur, í skurn - Jarðhnetur, skurnlausar - Hnetusmjör - Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt <i>(Fóður og matvæli)</i>	- 1202 41 00 - 1202 42 00 - 2008 11 10 - 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98		<b>Súdan (SD)</b>	Aflatoxín	50
Paprikur (aðrar en sætar) ( <i>Capsicum</i> spp.) <i>(Matvæli – fersk eða kæld)</i>	úr 0709 60 99	<b>20</b>	<b>Tailand (TH)</b>	Varnarefna- leifar <sup>(2)</sup> ( <sup>13</sup> )	10
- Spergilbaunir ( <i>Vigna unguiculata</i> spp. <i>sesquipedalis</i> ) - Eggaldin <i>(Matvæli – ferskt, kælt eða frosið grænmeti)</i>	- úr 0708 20 00, úr 0710 22 00,  - 0709 30 00, úr 0710 80 95,	<b>10</b> <b>10</b>  <b>72</b>	<b>Tailand (TH)</b>	Varnarefna- leifar <sup>(2)</sup> ( <sup>14</sup> )	20
- Þurrkaðar apríkósur - Apríkósur, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt <i>(Matvæli)</i>	- 0813 10 00 - 2008 50 61		<b>Tyrkland (TR)</b>	Súlfít( <sup>15</sup> )	10
- Paprika ( <i>Capsicum annuum</i> ) <i>(Matvæli – ferskt, kælt eða frosið grænmeti)</i>	- 0709 60 10, 0710 80 51		<b>Tyrkland (TR)</b>	Varnarefna- leifar <sup>(2)</sup> ( <sup>16</sup> )	10
Vinviðarlauf <i>(Matvæli)</i>	úr 2008 99 99	<b>11, 19</b>	<b>Tyrkland (TR)</b>	Varnarefna- leifar <sup>(2)</sup> ( <sup>17</sup> )	50
- Pistasíuhnetur, í skurn - Pistasíuhnetur, skurnlausar <i>(Matvæli)</i>	- 0802 51 00 - 0802 52 00		<b>Bandaríkin (US)</b>	Aflatoxín	20
- Þurrkaðar apríkósur - Apríkósur, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt <i>(Matvæli)</i>	- 0813 10 00 - 2008 50 61		<b>Úsbekistan (UZ)</b>	Súlfít( <sup>15</sup> )	50

- Kórianderlauf	- úr 0709 99 90	<b>72</b>	<b>Vietnam (VN)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup> ( <sup>18</sup> )	50
- Basilíka (helgibasilíka)	- úr 1211 90 86, úr 2008 99 99	<b>20</b> <b>75</b>			
- Minta	- úr 1211 90 86, úr 2008 99 99	<b>30</b> <b>70</b>			
- Steinselja	- úr 0709 99 90	<b>40</b>			
<b>(Matvæli - ferskar eða kældar kryddjurtir)</b>					
- Okra	- úr 0709 99 90	<b>20</b>	<b>Vietnam (VN)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup> ( <sup>18</sup> )	50
- Paprikur (aðrar en sætar)( <i>Capsicum</i> spp.)	- úr 0709 60 99	<b>20</b>			
<b>(Matvæli – fersk eða kæld)</b>					
- Drekaávestir	- úr 0810 90 20	<b>10</b>	<b>Vietnam (VN)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup> ( <sup>18</sup> )	20
<b>(Matvæli – fersk eða kæld)</b>					

<sup>(1)</sup> Ef einungis er farið fram á að tiltekna afurðir, sem falla undir SN-númer, séu skoðaðar og engin sérstök skipting samkvæmt þessu númeri er til er SN-númerið merkt með „úr“.

<sup>(2)</sup> Leifar af a.m.k. þeim varnarefnum sem eru skráð í varnaráætlanir sem eru samþykktar í samræmi við 2. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 <sup>(3)</sup> sem unnt er að greina með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar sem byggjast á gas- og massagreiningu og vökvaskiljun og massagreiningu (einungis varnarefni sem á að vakta í/á vörum úr jurtaríkinu).

<sup>(3)</sup> Leifar af klórbúfami.

<sup>(4)</sup> Leifar af fenþóati.

<sup>(5)</sup> Tegundir *Brassica oleracea* L. convar. *Botrytis* (L) Alef var. *Italica* Plenck, cultivar alboglabra. Einnig þekktar sem „Kai Lan“, „Gai Lan“, „Gailan“, „Kailan“, „Chinese bare Jielan“.

<sup>(6)</sup> Leifar af tríflúralíni.

<sup>(7)</sup> Leifar af asefati, aldíkarbi (summa aldíkarbs, súlfoxíðs og súlfóns þess, gefið upp sem aldíkarb), amítrasi (amítras, þ.m.t. umbrotsefni sem innihalda 2,4 -dímetýlanilínhlutann, gefið upp sem amítras), díafenþíúróni, dikófóli (summa p, p'- og o,p'-hverfna), díþíókarbötum (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram) og metíókarbi (summa metíókarbs og metíókarbsúlfoxíðs og -súlfóns, gefið upp sem metíókarb).

<sup>(8)</sup> Leifar af hexaflúmúróni, metíókarbi (summa metíókarbs og metíókarbsúlfoxíðs og -súlfóns, gefið upp sem metíókarb), fenþóati og þíófanatmetýli.

<sup>(9)</sup> Leifar af dikófóli (summa p, p'- og o,p'-hverfna), dínótefúrani, fólpeti, próklóراسi (summa próklóراس og umbrotsefna þess sem innihalda 2,4,6-tríklór-fenólhlutann, gefin upp sem próklóراس), þíófanatmetýli og tríforíni.

<sup>(10)</sup> Tilvísunaraðferð EN/ISO 6579 eða aðferð sem er fullgilt með samþykkingu við hana eins og um getur í 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 <sup>(4)</sup>.

<sup>(11)</sup> Leifar af asefati og díafenþíúróni.

<sup>(12)</sup> Leifar af etefóni.

<sup>(13)</sup> Leifar af formetanati: Summa formetanats og salta þess, gefin upp sem formetanat(hýdróklóríð), própíófos og tríforín.

<sup>(14)</sup> Leifar af asefati, díkrótófosí, própíófosí, kínalfosí og tríforíní.

<sup>(15)</sup> Tilvísunaraðferðir: EN 1988-1:1998, EN 1988-2:1998 eða ISO 5522:1981.

<sup>(16)</sup> Leifar af díafenþíúróni, formetanati: Summa formetanats og salta þess, gefin upp sem formetanat(hýdróklóríð) og þíófanatmetýli.

<sup>(17)</sup> Leifar af díþíókarbamötum, (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram) og metrafenóni.

<sup>(18)</sup> Leifar af díþíókarbamötum, (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram), fenþóati og kínalfosí.“

## B-deild – Útgáfud.: 16. október 2015

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

<sup>(4)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).